

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

EFNI: Fyrirspurn er varðar dreifingu auglýsinga Hafnarfjarðarbæjar á miðla sem birta auglýsingar.

- l) Vísað er til svars upplýsingafulltrúa bæjarins við fyrirspurn í bæjarráði um auglýsingamál bæjarins, mál **1401848 - Auglýsingar bæjarins, fyrirspurn.**

Þar kemur eftirfarandi fram:

Ár: 2012: 232 auglýsingar

Morgunblaðið **15** auglýsingar 449.693 kr.
Fjarðarpósturinn **48** auglýsingar 4.289.707 kr.
Fréttablaðið **37** auglýsingar 5.315.040 kr.
Hafnarfjörður/ Fótspor **17** auglýsingar 787.620 kr.
Ríkissjóður/ Stjórnartíðindi **21** auglýsing 189.713 kr
Ruv **11** auglýsingar 1.055.318 kr.
Aðrir minna.

Ár: 2013 276 auglýsingar

Morgunblaðið **14** auglýsingar 387.584 kr. Eða um 27000 krónur hver birting
Fjarðarpósturinn **59** auglýsingar 5.034.799 kr. Eða um 85000 krónur hver birting
Fréttablaðið **75** auglýsingar 6.010.118 kr. Eða um 80000 krónur hver birting
Hafnarfjörður/ Fótspor **20** auglýsingar 1.237.160 kr. Eða um 61000 krónur hver birting
Ríkissjóður/ Stjórnartíðindi **21** auglýsing 110.452 Eða um 5260 krónur hver birting
Ruv **16** auglýsingar 1.028.245 kr. Eða um 64000 krónur hver birting
Aðrir minna.

Undanfarnar 13 vikur hefur **Fréttavefur Hafnfirðinga, h220.is** framleitt sérstaka þætti um Hafnarfjörð fyrir sjónvarp sem sýndir hafa verið á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Aukinheldur heldur umræddur fréttavefur haldið úti almennum frétt- og mannlífsvef.

Undirrituðum er ekki kunnugt um að neitt annað sveitarfélag í landinu sem hefur fengið, og fær jafn mikla þjónustu við að koma á framfæri fréttum, mannlífi og fróðleik tengdu sveitarfélaginu sem Hafnarfjörður hefur fengið og fær af hálfu þess fyrirtækis sem heldur þessari þjónustu úti sem er Veður ehf. kt. 670303-3570.

Undirritaðir hafa óskað eftir við upplýsingafulltrúa og bæjarstjóra um að fá auglýsingar frá Hafnarfjarðarbæ til birtingar í sjónvarpsþætti sínum „Stormað um Hafnarfjörð“ ekki síst með vísan til þess að bærinn birtir um 250 auglýsingar árlega. Þessum óskum hefur verið hafnað af báðum þessum aðilum, þ.e. upplýsingafulltrúa og bæjarstjóra.

Eðlilegt er að bærinn birti auglýsingar í þeim miðlum er sinna málefnum Hafnarfjarðar, þar sem bæjarbúar leita eftir efni er viðkemur sveitarfélaginu og íbúum þess. Hér ber að geta að ein auglýsing hefur borist frá menningarfulltrúa í þáttinn og ein frá bókasafni. Þá hafa tvær auglýsingar birst frá bænum á vefnum h220.is síðustu mánuði.

Skoðandi skiptingu auglýsinga á fjölmiðla sem sinna bæjarfélaginu má sjá **hrópandi ósamræmi milli þess hvernig og hvar menn auglýsa**. Verður slíkur munur vart skýrður með því að stuttur tími sé liðinn frá því undirritaðir og starfsmenn Hafnirska fréttavefsins h220.is, hófu að flytja fréttir úr Hafnarfirði, fyrst í gegnum blaðið HAFNARFJÖRÐ sem Fótspor ehf. gefur út, síðan í gegnum vefmiðilinn h220.is og nú síðast þáttinn *Stormað um Hafnarfjörð* sem hvorir tveggja eru gefnir út af Veðri ehf.

Nú er það auðvitað val stjórnenda hvers sveitarfélags hvernig þeir verja auglýsingafé sínu. Ennfremur myndu menn vænta þess að fjárhagslegir hagsmunir væru ennfremur þá hafðir í huga.

Fyrir það fyrsta virðist einingaverð auglýsinga vera einna hæst hjá Fjarðarpóstinum. Ennfremur hlýtur Hafnarfjarðarbær að dreifa auglýsingum sínum á fjölmiðla bæjarins þannig að sanngirnissjónarmið séu höfð að leiðarljósi. Undirrituð fá hvergi séð að þessi tvö framangreindu sjónarmið séu í hávegum höfð hjá stjórnendum bæjarins.

Sveitarfélög hafa talið feng í því að hafa sjónvarpsþætti um mál sem tengjast sveitarfélögum beint. Því hafa mörg hver veitt, þegar svo háttar til, veitt viðkomandi framleiðendum styrki, ekki endilega háa heldur oft sem taktískan stuðning við slík verkefni. Það er því dapurlegt til þess að vita að bæjaryfirvöld í Hafnirði með bæjarstjóra í broddi fylkingar skuli ekki hafa séð nein sóknarfæri við þann hafnirska sjónvarpsþátt sem undirrituð framleiða og hafnað öllum beiðnum um auglýsingar.

II) Skýringar á hróplegu ósamræmi

Með bréfi þessu neyðumst við því til í ljósi framanritaðs, að óska við eftir rökstuddum skýringum bæjaryfirvalda, hvers vegna þetta hróplega misvægi er í vali bæjarins á fjölmiðlum til að auglýsa í?

Ennfremur óskum við eftir því hver hefur tekið þessar ákvarðanir að sniðganga allar beiðnir um auglýsingar eða styrktarlínur? Einnig hitt hvort fulltrúum í bæjarráði þyki rétt gefið þegar kemur að fyrrgreindri spurningu, þ.e. hvort við val bæjarins á auglýsingamiðlum fyrir sínar auglýsingar, séu jafnræðis- og sanngirnissjónarmið höfð að leiðarljósi eða höfði í öndvegi.

Jafnframt er óskað eftir 500.000 króna styrk til að halda úti sjónvarpsþáttunum um Hafnarfjörð, til 1. júní 2014. Á móti fengi bærinn að auglýsa að vild í þáttunum og á vefsíðu h220.is á sama tímabili.

Hafnarfirði 20. apríl 2014

Sigurður Þ Ragnarsson (sign)

Hólmfríður Þórisdóttir (sign)